



Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar 16. júlí 2009.

Fundur var haldin í Framkvæmdahóp um byggingu sundlaugar fimmtudaginn 16. júlí 2009, kl. 10:00 að bæjarskrifstofu, Hnjúkabyggð 33. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Málefni:

1. Staða mála.
2. Önnur mál.

Afgreiðslur:

- 1) Farið var yfir stöðuna á framkvæmdinni en verktakar eru byrjaðir á öðrum áfanga. Tilboð hafa borist í flísar og vinnu við sundlaug og potta. Tæknideild var farið að vinna áfram að málinu og taka hagstæðustu tilboðum í samræmi við umræðu á fundinum.
- 2) Önnur mál.
 - a) Frágangur á lóð. Nefndin er sammála um að afla tilboða í frágang lóðar og ljúka hluta af honum fyrir veturinn.
 - b) Farið yfir frágang í sundlaugarkjallara. Samþykkt að láta rykbinda allan kjallarann áður en vinna hefst í honum.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 11.00.

Héðinn Sigurðsson
Guðmundur Haraldsson
Stefán Árnason

Ágúst Þór Bragason